

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

11. fundur Verkefnahóps BS Vest haldinn miðvikudaginn 1. nóvember 2011 kl. 13.00. Fundurinn var boðaður með dagskrá þann 27. október s.l..

Fundinn sátu Arnheiður Jónsdóttir, formaður (Patreksfirði), Elsa Reimarsdóttir (Patreksfirði), Guðný Hildur Magnúsdóttir (Súðavík) og Margrét Geirsdóttir (Ísafirði). Hildur Jakobína Gísladóttir forfallaðist. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson (Ísafirði) sem einnig ritaði fundargerð. Formaður verkefnahóps setti fundinn og gengið var til dagskrár

1. Fundargerð 10. fundar verkefnahóps, 19. október 2011.
Fundargerð borin upp og samþykkt.

2. Reglur skammtímavistunar á Vestfjörðum
Lögð fram tillaga að reglum skammtímavistunar eftir umfjöllun verkefnahópsins. Meginmarkmið reglna um skammtímavistunar er skapa heildarramma um notkun hennar. Samþykkt senda framangreind tillögu til umsagnar stjórnar BS Vest og félagsmálanefnda sveitarfélaga og óskað afgreiðslu þeirra eigi síðar en 8. desember n.k.. Stefnt skal á að reglur um skammtímavistun geti gildi þann 1. janúar 2012.

Verkefnahópur BS Vest gerir jafnframt eftirfarandi bókun; *verkefnahópur BS Vest telur mikilvægt að sú þjónusta skammtímavistunar sem samþykkt hefur verið til 31. maí 2012 standi óbreytt til þess tíma, en verði þá tekin til endurskoðunar.*

3. Minnisblað verkefnastjóra. Tekið til umræðu minnisblað verkefnastjóra sem frestað var á 10. fundi verkefnahóps.
Í minnisblaði eru rakin vinna við endurskoðun fjárhagsáætlana sveitarfélaga um málaflokkinn og samanburður við fjárhagsáætlun í upphafi árs sem byggð á áætlun svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Leggja verður áherslu á samræmingu í framsetningu kostnaðarliða milli félagsþjónustu sveitarfélaga. Hinsvegar er ljóst að áætluð framlag til málaflokksins eru minni en áætlaður kostnaður og hefur þetta þegar skapað verulegan og vaxandi vanda í rekstri þess sveitarfélags sem ber meginþunga þjónustunnar. Verkefnahópur beinir því til stjórnar BS Vest að kallað verði eftir auknu fjármagni til reksturs málaflokks samlagsins.

4. Húsnæði skammtímavistunarinnar
Tekið að nýju til umræðu um nýtt húsnæði fyrir skammtímavistun á Ísafirði. Fram kom, að frá þeim tíma sem tillagan var lögð fram hefur komið í ljós að framkvæmd hennar gengur ekki. Ný tillaga að málinu var kynnt munnlega, nánari útlistun verður sett fram á næstu dögum. Ljóst er að ný tillaga mun hafa áhrif á rekstur búsetuþjónustu og skoða verður málið í því samhengi.

5. Skráning trúnaðarmála í trúnaðarmálabók.
Samþykkt að hefja skráningu mála í trúnaðarmálabók með fyrirmynd af skráningu trúnaðarmála félagsmálanefnda sveitarfélaga.

6. Tekið fyrir trúnaðarmál nr 022011, bókun færði í trúnaðarmálabók.

7. Bifreiðar BS Vest. Umfjöllun frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál.
Samþykkt að boða til næsta fundar á mánudag 14. nóvember kl 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.40
Aðalsteinn Óskarsson, fundarritari.